



MINNINGAR FRÁ SÁL

III.

Sigríður Pálmadóttir

Um það leyti sem leiklistarskóli SÁL hóf göngu sína var mikil gróska í íslenskum skólarannsóknum þar á meðal hvað varðaði tónlist. Viðtekin skilgreining varð að almenn tónlistakennsla ætti að fela í sér fjóra meginþætti: 1. Söng/talrödd; 2. Hreyfingu; 3. Hljóðfæri/hljóðgjafa; 4. Hlustun. Einstaklingurinn er flytjandi þegar hann syngur, spilar og hreyfir sig eftir tónlist. Hann greinir tónlistina með því að vera virkur hlustandi. Loks notar hann rödd og hljóðfæri í eigin sköpun. Reynslan sem þannig fæst eykur færni og innsæi og leiðir til aukins skilnings á tónlistinni, mótar viðhorf og sjálfstæði við að meta, velja og hafna. Það var með þessa sýn í farteskinu sem ég tók að mér hópkenndu í SÁL skólanum. Ég minnst þess ekki að skólinn hafi lagt mér ákveðnar línur um inntak kennslunnar, vettvangurinn var mér ný reynsla sem ég reyndi að vinna úr skref fyrir skref. Aftur á móti er mér í fersku minni krafturinn, jákvæð viðhorf og samvinnan sem ríkti í nemendahópnum. Á þessum tímamótum er mér ljúft að minnast þess að hafa átt samleið, þótt stutt væri, með þessu ágæta listafólki.

Sólveig Halldórsdóttir

Hjá Mjólkurskógi

Set hér inn smá lýsingu og eina minningu frá Mjólkurskógi og læt smá formála fylgja fyrir aðra ef þarf.

Mjólkurskógur er lítið þorp í Wales þar sem auðvitað bjó hópur af fólki. Helstu persónur voru töluvert margar. Þegar undirbúningur að hlutverkaskipan hófst þurfti að skipta niður á 11 nemendur töluvert fleiri hlutverkum. En vandinn var að passa að ekki mátti neinn leikari hitta sjálfan sig á sviðinu. Var töluverð vinna að skipuleggja það og var það Viddi [Viðar Eggertsson] sem vann þá vinnu. Svo var það Svaný [Svanhildur Jóhannesdóttir] sem teiknaði kort af þorpinu, sjá leikskrá. Svaný var sú eina sem lék aðeins eitt hlutverk, þ.e. sögumanninn en sá kynnti persónur og sagði söguþráð, sem sagt tengi saman frásögnina. Ég held hún hafi verið á sviðinu allan tímann.

Að þessu sögðu ætla ég að koma með smá minningu úr þessari sýningu:

Það var á einni sýningunni, að Svaný var ein á sviðinu með langan mónólóg, einn af mörgum. Nema hún er bandólétt í grænni fallegri mussu í stíl við leikmyndina (skóginn) fær hóstakast af verri sort. Náði varla andanum og gat ekki haldið áfram. Hún fór samt ekki af sviðinu og fyrir okkur sem biðum baksviðs í keng af ótta, var hver sekúnda margar mínútur. Mér skilst af einhverjir áhorfendur hafi verið farnir að fella tár. Í snöggheitum tók Ellen [Elísabet Þórisdóttir] sig til baksviðs og hellti heitu kaffi í bolla og skellti svo slurk af brennivíni útí. Rétti mér svo bollann (ég var í hlutverki krakka þarna) og ég stökk inn á svið og rétti Svaný bollann. Hún skellti „kaffinu“ í sig og ræskti sig hressilega og viti menn röddin kom aftur og Svaný kláraði sitt með stæl. Svoleiðis var nú það.

Steinunn Ingibjörg Gunnlaugsdóttir

Vera mín í SÁL og framhaldið

Fyrsta árið bjó ég í lðnó, vann í eldhúsinu sem þjónustaði starfsmenn. Þegar ég átti að vera á kvöldvakt borgaði ég sjálf manneskju til að vinna verkin mín þannig að ég gæti mætt í skólann.

Annar veturinn vann ég við ræstingar í heimahúsum og á skemmtistað við ýmis störf og það gerði ég líka þriðja og fjórða veturinn. Dreifbýlisstyrk fékk ég, man ekki hvort so var öll árin. Eitthvað hjálpuðu foreldrar mínir.

Eftir útskrift kom barnauppeddi til sögunnar. Ég bjó á Akureyri, vann í fiski, tók þátt í sýningunni Puntilla og Matti hjá Leikfélagi Akureyrar.

Flyt til Reykjavíkur og tók þátt í stofnun leikhópsins „Hugleikur“ og leikstýrði fyrstu uppfærslu félagsins; Bónorðsförin.

Lék í Skugga Björgu og fleiri verkum sem sett voru upp hjá Hugleik jafnframt því að vinna ýmis störf; uppvas, ræstingastjórnun, símsölu og bókum og fl., hvíslari í Þjóðleikhúsinu ... Svo hætti ég að sinna leiklist og vann ýmis störf eftir það.

Námið og reynslan hafa nýst þó á annan veg sé.

Svanhildur Jóhannesdóttir

Minningar úr SÁL

Ó, já, ég man eftir leikfímistímunum. Þeir stóðu yfir í einn og hálfan klukkutíma í einu og hreinlætisaðstaða takmörkuð fyrstu árin. Við gátum þó bleytt handklæðishorn og reynt að þvo svona það mesta. Á sunnudögum var byrjað á leikfimi og svo farið beint í fyrirlestra um gríska leiklistarsögu. Þá var stundum erfitt að halda sér vakandi, að minnsta kosti fyrir okkur sem áttum lítil börn sem vöknudu klukkan sex á morgnana, en áhuginn var ódrepanði og þetta tókst einhvern veginn. Við vorum í grúppudýnamik og improvisation, það var ekki búíð að finna upp orðin hópefli og spuni, þetta var allt mjög spennandi. einu sinni sendi kennarinn okkur út í bæ að skoða fólk sem sat d.d. á kaffihúsi, var inn í verslun eða að bíða eftir strætó. Við lögðum fólk á minnið, hleruðum samtöl og þess háttar. Svo mættum við aftur í skólann og lékum þetta. Heilt ævintýri í Raddþjálfun var þó alltaf mitt uppáhaldsfag. Við vorum þetta fyrsta ár í kjallaranum að Fríkirkjuvegi 11. Reykjavíkur borg átti þetta húsnaði og hafði Æskulýðsráð það til umráða. Mig minnir að við höfum aldrei greitt neitt fyrir þetta og vorum við þó þarna fimm daga vikunnar með ýmiskonar líkamslykt og fleira sem tilheyrði.

Næsta ár, þegar við vorum komin í 2. bekk, vildum við vera á daginn í skólanum eins og venjulegt fólk, en þá var þessi ágæti salur ekki laus. 1. bekkur fékk þó afnot af honum á kvöldin og um helgar eins og við árinu áður. Við fengum inn í Tónabæ, aðallega í kjallaranum en leikfimitíma og þess háttar fenguð við þó að hafa í salnum uppi og enn urðu handklæðahornin að duga. Lýsingin í kjallaranum var hönnuð fyrir unglínga og var í allskonar litum; rauðum, gulum, grænum og hvaðeina. Ekki beinlínis hentug lýsing fyrir lestur leikbókmennta en við létum það ekki trufla okkur og

var þarna þjálfað og æft og þjálfað og pft af fullum krafti. Fræðilegar greinar voru þarna niðri líka, leiklistarsaga og fleira, og nú bættist við tónlistarkennsla. Við æfðum þarna ýmis spunaverk að sjálfsögðu og urðu þau smá saman stærri og viðameiri í sniðum. Við æfðum kafla úr Antígónu eftir Sófócles, Tíu tilbrigði eftir Odd Björnsson og Billy lygara eftir Keith Waterhouse og Willis Hall. Svo var leikfimin uppi og ekkert dregið af. Stundum svo miklar leikfimiæfingar að erfitt var að ganga niður stigann fyrir harðsperrum! Einhverju sinni var hljómsveitin Pelikan að æfa þarna uppi og við fengum að vera á gólfinu og spinna einhver hreyfiverk upp úr okkur.

Þriðja árið var Sálín orðin virkilega stór, þrjár árgangar, við leigðum hús og réðum framkvæmdastjóra, takk fyrir! Húsið sem við leigðum var gamla Hótel Vík. Á fyrstu hæðinni hafði verið eldhús hótelsins og mtsalur. við ruddum öllu út sem hægt var, skúruðum og skröpuðum og máluðum svo allt saman svart, gluggarúðurnar líka. Rýmið var kallað Svarti salurinn og var þar kennsla alla daga og öll kvöld. Svo var útbúin leikhúslýsing úr gömlum málningardollum aðallega og svo settar upp leiksýningar, við settum upp tvær sýningar í fullri lengd og með áhorfendum. Það komust svona 20 manns á hverja sýningu! Þetta voru Sjö stelpur eftir Erik Thorstensson í leikstjórn Sigurðar Pálssonar og Gísl eftir Brendan Behan í leikstjórn Bjarna Steingrímssonar. Á næstu heið fyrir ofan sameinuðum við tvö herbergi og máluðum græn, rýmið var kallað Græni salurinn og sama var um önnur tvö herbergi sem við sameinuðum og máluðum rauð, það varð Rauði salurinn. Þessir salir voru notaðir undir bóklega kennslu og ýmis önnur fög. Á þessari hæð var líka kaffistofan. Hún var blá, a.m.k. með bláum dúk á borðinu. Síðar um veturinn var svo útbúið lítið hljóðupptökuver. Á millihæð var eitt herbergi sem varð skrifstofa framkvæmdastjóra. Og ofar var svo eitt ílangt herbergi þar sem við festum upp rör sem varð að fataslá og þarna varð smám saman til búningasafn. Önnur herbergi leiguðum við svo út. Þennan vetur fengum við aðstöðu fyrir leikfimiskennslu í Jóns Þorsteinssonar húsi á Lindargötu og komumst loksins í sturtu eftir púlið í leikfimistímum. Þennan vetur gerðum við samning við Söngskóla Reykjavíkur um söngkennslu og tónfræði. Þarna var Sálín komin með mikla starfsemi, þrjá árganga og unnið af kappi í hverju horni. Þann 14. maí 1974 afgreiddi Alþingi lög um Leiklistarskóla Íslands. Það var það sem við höfðum alltaf barist fyrir, takmarkinu var náð. En það ríkti nú samt söknuður og sorg þegar starfsemi Leiklistarskóla SÁL var lögð niður.

Sigurbjörg Árnadóttir

SÁLskólinn

Ég var nýkomin úr sumarvinnu í Noregi haustið 1973 þegar ég frétti af því að ákveðið væri að SÁLskólinn héldi ótrauður áfram eftir eins árs starf. Það var því á öðru starfsári skólans sem ég hóf þar nám. Ég hafði fylgst með starfi skólans frá upphafi án þess að vera virkur þátttakandi. Áhuginn á leiklist var til staðar alveg frá því ég var í barnaskóla í Svarfaðardalnum og skrifaði bæði leikrit fyrir kvöldvökur skólans og lék í þeim. Eftir að ég flutti til Reykjavíkur hafði ég sótt

námskeið í leiklist og framsögn til Þórunnar Magneu Magnúsdóttur.

Fyrsta árið var kvöldskóli og við greiddum skólagjöld til að standa straum af launum kennara og húsaleigu. Ég fann vinnu við að smíða og setja saman „flúorljós“ og samdi um sveigjanlega vinnutíma vegna skólans. Þetta var „karlavinna“ og því betur borguð en hefðbundin kvennastörf. Ég leigði íbúð með vinkonum mínum en hafði engan fjárhagslegan bakhjarl, þurfti að borga bæði húsaleigu og skólagjöld. Þegar fyrsta skólaári lauk vorið 1974 fóru vinkonur mínar hvor í sína áttina og fékk að framleigja íbúðina til hausts. Ég pakkaði saman og fór til Bolungarvíkur þar sem ég hafði fengið vel borgaða sumarvinnu sem logsuðumaður á vélaverkstæði og við afgreiðslustörf hjá Flugfélagi Íslands, auk húsnæðis sem ég borgaði ekkert fyrir. Hver morgunn hófst á því að naglalakka yfir sorgarendur gærdagsins og afgreiða frakt og flugmiða til hádegis. Síðan var rölt niður á vélaverkstæðið og unnið til a.m.k. tíu á kvöldin.

Annað ár skólans var dagskóli. Afrakstur sumarsins kom að góðum notum, ég leigði íbúðina áfram og fékk meðleigjendur, samt var ljóst að ég yrði líka að vinna með skólanum. Ég fékk vinnu sem þjónn á Óðali (fyrsta diskóteki landsins) og vann þar fimmtudags- til sunnudagskvöld í hverri viku. Auk þess vann ég alltaf í hádeginu á laugardögum og sunnudögum. Aftur fór ég til Bolungarvíkur þegar voraði og aftur vann ég um kvöld og helgar allan veturinn í þriðja bekk. Enn bólaði ekkert á því að aðrir nemendur en þeir sem stunduðu nám við Háskóla Íslands fengju námslán þó svo að aðrir skólar væru búnir að mynda með sér „bandalagi“ og krefjast námslána. Kröfur sem mörgum þóttu yfirgengileg frekja. Í þessu „bandalagi“ voru lðnskólinn, Hjúkrunarskóli Íslands, Sjómannaskólinn, Myndlista- og handíðaskólinn auk SÁLskólans. Ég sat fyrir hönd SÁL í starfshópi þessara samtaka þar sem við lögðum á ráðin um baráttuaðferðir til að ná eyrum stjórnvalda. Á fjölmönnum fundi nemenda á Austurvelli, þar sem við enn og aftur kröfðumst námslána og að nám okkar væri metið til jafns við nemendur í Háskóla Íslands, gekk Árni Johnsen ásamt félögum sínum fram hjá mér og félögum mínum þar sem við stóðum fyrir framan Hótel Borg og hrækti á stéttina fyrir fram okkur. Nokkrum dögum síðar mætti hann fulltrúa Sjómannaskólans á bílastæði skólans og gaf honum á kjaftinn. Aðspurður (í Vísi eða DV) um þetta háttarlag svaraði hann því til að það þýddi lítið fyrir þennan dreng að ætla í sjómennsku ef hann gæti ekki tekið sjómannakveðju.

Um vorið fékk ég símtal frá mínum gamla vinnustað í Noregi þar sem ég var beðin um að „koma í hveli“ og taka við starfi yfirþjóns á sumarhótelinu þar sem ég hafði unnið áður en ég hóf nám í SÁL. Ég pakkaði saman, fékk enn og aftur að framleiga íbúðina mína, og fór. Hóteleigandinn borgaði farið fyrir mig og þarna var ég á þeim bestu launum sem ég hafði nokkrum sinnum fengið. Auk þess þurfti ég ekki að borga skatt frekar en aðrir námsmenn í Noregi.

Síðasta ár skólans var fjárhagslega erfitt og hefði ég ekki verið svo lánsöm að fá þessa sumarvinnu í Noregi þá hefði ég trúlega hætt. Nemendaleikhúsið tók flest

kvöld og ég gat bara unnið stöku sinnum á kvöldin. Seinni sýning Nemendaleikhússins „Hlaupvídd sex“ gekk líka mjög vel og þó svo að útskriftadagur okkar væri 12. júní 1977 þá héldum við áfram að sýna á kvöldin – án þess að fá krónu fyrir. Ég var löngu búin að segja upp íbúðinni og losa mig við flestar eigur mínar. Ég fékk að vera í íbúð sem verið var að gera upp og átti að selja um haustið, innan um verkfæri og niðurbrotna skápa. Námslán komust loks á þetta ár, en þar sem ég hafði „unnið of mikið“ þá fékk ég nánast ekkert.

Ekki man ég hvenær síðasta sýning Nemendaleikhússins var, en ég man að við hættum fyrir fullu húsi og ég man hversu fegin ég var að losna. Fegin að komast burt, geta leitað að vinnu og nýju húsnæði og sjá fram á að geta borgað uppsafnaðar skuldir. Ég man þegar ég fór á puttanum til Akureyrar, hafði fengið vinnu með strákagengi við að handgrafa skurði í gegnum lóðir bæjarbúa – svo þeir fengju nú heitt vatn í hús sín. Í vetrarbyrjun mætti ég aftur til Reykjavíkur í besta líkamlega formi sem ég hef nokkrum sinnum verið í.

Að námi loknu og notagildi náms

Það var stefna SÁLskólans að hann yrði deildaskiptur; leiklist, ljósaönnun, sviðshönnun, búningahönnun og leikstjórn. Ég ætlaði alltaf í leikstjórn eða lýsingahönnun. Eftir kennslu Magnúsar Axelssonar í SÁL um galdra lýsinga og ljósaönnun var ég heilluð af lýsingu. Að námi loknu fór ég því að skoða nám erlendis og langaði helst til Póllands. Hafði samband við sendiherra Pólverja og sótti um í tvo skóla í Kraká/Kraków haustið 1980. Jafnframt því að velta fyrir mér námi erlendis kenndi ég leiklist í grunnskólum Reykjavíkur, leikstýrði hjá áhugamannafélögum úti á landi; m.a. á Þórshöfn, Flateyri og uppi í Borgarfirði og tók þátt í að stofna sunnandeild Alþýðuleikhússins. Öflugur hópur nýútskrifaðra leikara þurfti pláss til að athafna sig og úr varð að við stofnuðum sunnandeild Alþýðuleikhússins, sem áður hafði haft bækistöðvar sínar á Akureyri. Fyrstu árin rákum við leikhúsið í Lindarbæ en haustið 1981 fluttum við okkur yfir í Hafnarbíó. Ég átti sæti í stjórn leikhússins, vann við ýmis tæknimál þess og sem aðstoðarleikstjóri. Ég byrjaði að læra pólsku haustið 1981 og ætlaði til Póllands vorið 1982 þar sem ég hafði fengið vilyrði fyrir að vera gestanemandi við leiklistarskóla í Kraká. En margt fer öðruvísi en ætlað er. Í desember 1981 setti hershöfðinginn Wojciech Jaruzelski herlög í landinu og sendiherrann sagði – þú ferð ekki fet.

Örlögin höguðu því hins vegar svo til að ég fluttist til Finnlands í ársbyrjun 1983. Stundaði nám í eitt ár hjá hinum fræga Jouko Turkka sem þá var aðalkennari á leikstjórnarbraut og skólastjóri leiklistarskólans í Helsinki. Þar lærði ég allt um það hvernig ég vil ekki vinna. Jouko Turkka hafði þann hátt á að í upphafi hvers tíma voru leiklistarnemarnir látnir púla þar til þeir buguðust. Þetta gerði hann t.d. með því að láta þá ganga nokkrar ferðir afturábak frá jarðhæð og uppá fjórðu hæð með hendur fyrir ofan höfuð, gera síðan armbeygjur þar til þeir lögðust örmagna á gólfið og fara þá út og hlaupa nokkra kílómetra. Þegar þessu var lokið voru þau svo örmagna að þau mættu grátandi í salinn, en það var einmitt tilgangurinn. Að

hans mati þá voru þau loks tilbúin til að taka á móti „sínur karakter og túlka hann“. Oft áttu þau erfitt með að koma upp nokkru orði, grátandi, móð og örmagna. Þá brást hann gjarna við með því að niðurlægja þau með setningum eins og „þarf ég nú líka að snýta þér væluskjóða“. Eða „ætlar þú að standa þarna og grenja í allan dag“. Hló síðan sínum hrossahlátri. Það var andstyggilegt að vera þarna og þegar vorsólin birtist lét ég mig hverfa. En skrítnast af öllu var þessi hyldjúpa finnska þögn sem ríkti í samfélaginu gagnvart skólanum. Enginn vildi kannast við að eitthvað væri að í þessum skóla, í það minnsta ekki við mig – en ég var jú líka útlendingur og átti ekki að skipta mér af. Það sem loks batt endi á kennsluferil Turkka var gjörningur hans eigin nemanda. Það var á ráðstefnu starfsfólks í leikhúsum sem haldið var í Oulu. Á kvöldsamkomu í leikhúsinu í Oulu mættu nokkrir nemendur skólans til að skemmta og sýna listir sínar. Skemmtunin var í því fólgin að þau mættu á sviðið alsnakin og hentu skít, saur og hlandi yfir þrúðbúna gesti. Þegar lögreglunni hafði tekist að handsama stríplingana var hringt í Turkka sem svaraði því til að loks væri kennsla sín farin að skila árangri „terror er það eina sem dugar“. Morguninn eftir bættu nemendur um betur. Þau sem voru í Helsinki og ekki höfðu farið norður til Oulu mættu í skólann og hentu út um glugga borðum, stólum og öðru lauslegu á meðan nokkur þeirra hlekkjuðu sig við útidyr skólans þannig að ekki var auðvelt að komast inn og stöðva leikinn.

Síðar vann ég í eitt ár hjá Svenska Teatern í Helsinki og sinnti þar margvíslegum störfum, m.a. sem hvíslari, aðstoðarleikstjóri, proppsari og fl. Árin 1988-1991 vann ég á barna- og unglíngadeild finnska sjónvarpsins -YLE. Þar hafði ég m.a. það hlutverk að taka á móti öllu erlendu barnaefni, ráða þýðendur og leikara til að lesa inn á myndir og leikstýra þeim í stúdíói. Búa til „sketsa“ og fl. Þegar finnska bankakreppan skall á í upphafi tíunda áratugarins lenti ég í fjöldauppsögnum á YLE og snéri mér þá að því að segja Íslendingum fréttir og fleira á RÚV. Ég vann þar sem fréttaritari þar til ég flutti aftur til landsins sumarið 1999. Auk þess að segja fréttir stundaði ég nám í stjórnmálafræði og heimspeki í tvö ár og tók nokkur námskeið í fjölmiðlafræði, skrifaði greinar í finnsk blöð og tímarit, bækur á finnsku og íslensku, bjó til kennslufni um Finnland fyrir Námsgagnastofnun og kennslumynd um íslenska jarðfræði fyrir YLE, vann sem leiðsögumaður, íslenskukennari, leiklistarkennari, ráðgjafi og fl. Sótti margskonar námskeið í umhverfismálum og ferðaþjónustu.

Eftir heimkomuna hef ég sinnt ýmsum stjórnunarstörfum; framkvæmdastjóri fyrir Sjónlistahátíðirnar á Akureyri, verkefnastjóri hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar í verkefninu Fishernet, verkefnastjóri í Menningarmiðstöðinni í Listagili á Akureyri og fyrir norrænu strandmenningarhátíðirnar á Húsavík 2011 og Siglufirði 2018. Einnig hef ég unnið sem ráðgjafi á sviði ferðaþjónustu við leiðsögn og fararstjórn bæði innanlands og utan. Stjórnað og hannað ráðstefnur á sviði umhverfis-, menningar-, og ferðamála.

Þegar ég lít yfir farinn veg þá finnast mér hrif SÁL skólans augljós á öll mín verk. Við vorum níu sem útskrifuðumst frá Leiklistarskóla Íslands 12. júní 1977, en

nokkuð fleiri sem hófum nám í SÁL skólanum haustið 1973. Flest þeirra sem hættu gerðu það strax á fyrsta ári. Kvenkynið var ríkjandi í bekknum, sjö konur en bara tveir strákar. Við komum víðsvegar að af landinu og vorum á misjöfnum aldri. Þannig átti elsti nemandinn barn á sama aldri og yngsti nemandinn í bekknum. Þetta voru einstaklingar með sterkar skoðanir og eins og gefur að skilja var oft tekist á í jafn litríkum hópi. Sumir höfðu hærra en aðrir, en öll stefndum við að sama marki. Að fá að læra leiklist, koma á fót alvöru leiklistarnámi - skóla sem rekinn væri af ríkinu og að nemendur skólans fengju námslán til að stunda sitt nám. Að reka skóla og berjast fyrir námslánum var heill skóli út af fyrir sig og efldi félagsþroska. Kannski kemur leikstjóradraumurinn fram í mínum verkum. Að horfa alltaf á heildina og í upphafi til þess hvernig ég vil að útkoman verði, vera óhrædd við samstarf, leita til þeirra sem ég tel að viti betur, miðla eigin þekkingu og vera óhrædd við að prófa nýja hluti. Ég hef einnig starfað mikið að félagsmálum t.d. verið í stjórn Norræna félagsins bæði á Íslandi og í Finnlandi, setið í stjórn Minjasafnsins á Akureyri, í stjórn Norrænu upplýsingamiðstöðvarinnar á Akureyri, Íslendingafélagsins í Finnlandi og í stjórn Íslendingafélaganna á Norðurlöndum. Ég skapaði Vitafélagið-Íslensk strandmenning og Norrænu strandmenningar-samtökin/Nordisk kustkultur og norrænu strandmenningarhátíðirnar sem haldnar hafa verið í öllum norrænu ríkjunum og sjálfstjórnarríkjunum frá árinu 2011. Ég sá að það vantaði að vekja athygli á þessum hornsteini íslensks menningararfs og þekkingu á því hvernig nýta má hann til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Nú hafa þessi samtök séð til þess að norræni súðbyrðingurinn er tilnefndur á lista hjá UNESCO og er það fyrsta samnorræna tilnefningin og sú fyrsta íslenska.

Samstarf og sameiginlegar ákvarðanir voru einkenni SÁLARA og það eru vinnubrögð sem ég hef tileinkað mér frá námi í SÁL. Eða eins og stendur í söng Spilverksins og skólasöng SÁL:

Að hjálpast að

(Lag / texti: Spilverk Þjóðanna)

Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir.

Heilagt stendur skrifað á blað.

Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir,

ein lítil býfluga afsannar það.

Guð hjálpar þeim sem hjálpast að.

[af plötunni Spilverk Þjóðanna – Götuskór]

Minningar frá SÁL - III:

Sigríður Pálmadóttir

Sigurbjörg Árnadóttir

Sólveig Halldórsdóttir

Steinunn Ingibjörg Gunnlaugsdóttir

Svanhildur Jóhannesdóttir



Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS